

13. Fundur afréttamálanefndar í Árnesi 12.desember 2018.

Mætt voru Lilja Loftsdóttir, Bjarni Másson, Oddur Guðni Bjarnason og Kristófer A. Tómasson.

Lilja setti fund kl.20.00 og vildi ræða um verkefni ársins sem er að líða og hvað þyrfti að sinna á næsta ári. Vildi hún þakka Bjarna Mássyni fyrir samstarfið í afréttamálanefndinni, síðastliðin ár og óskar honum og fjölskyldu hans velfarnaðar á nýjum starfsvettfangi, tóku aðrir nefndarmenn undir með Lilju.

Girðingar voru kláraðar og er ánægja með þær, og búið að taka upp gömlu girðinguna frá Háafossi að Hólaskógi.

Ekki var farið í að ljúka húsinu í Tjarnarveri, en stefnt að því 2018.

Það fékkst fjármagn úr Fjallvegaskjóði og er það í athugun með ráðstöfun á því.

Rætt var um umsjón á afréttahúsunum nú þegar búið er að laga þau. Það er skoðun nefndarinnar að það þurfi að komast í fastar skorður með standsettningu húsana á vorin og eftirlit með þeim, málinu beint til sveitastjórnar.

Fundi slitið kl. 21.30
